



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík, 29. nóvember, 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,

Nefndasvið, Austurstræti 8–10,

101 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun – 310. mál

Bandalag íslenskra listamanna tekur heilshugar undir þessa tímabundnu breytingu á úthlutunum listamannalauna. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins hefur starfsumhverfi listamanna orðið fyrir umtalsverðum áföllum í þessu ástandi samkomubanns. Það hefur komið illa niður á allri starfsemi listamanna, en þó sínu verst á greinum sem byggja starfsemi sýna á framkomu, þ.e. tónlistarflytjendur og sviðslistafólk. Af þeim orsökum rann hlutfallslega meira af þessari aukningu til þeirra greina.

Launaumhverfi listamanna er gríðarlega flókið og fjölbreytt, eins og berlega hefur komið í ljós undanfarna mánuði. Hluti þess umhverfis er starfslaunasjóðurinn sem leikur lykilhlutverk í allri frumsköpun og það er því sérstaklega góð ákvörðun að fjölga mánuðum þegar dregur saman í öðrum störfum sem listamenn gjarnan sinna. Það er fjárfesting í grunnstarfinu sem allar greinar munu uppskera ríkulega af þegar veröldin kemst aftur á rétta braut.


Bandalagið á nú í samræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um endurskoðun starfslaunanna og vill benda nefndarmönnum á að í lögnum sem sett voru 2009 voru 1.285 mánuðir til úthlutunar, sem hækkuðu í 1.600 mánuði til ársins 2012, en hafa svo staðið í stað síðan. Árið 2010 sóttu 712 listamenn um starfslaun en í síðustu úthlutun, fyrir árið 2020, sóttu 1.543 listamenn um starfslaun. Verulega hefur því dregið úr árangurshlutfalli sjóðsins.

Verði þessi hækkun til frambúðar í sjóðnum er hún samt sem áður verulega undir árangri sjóðsins eins og hann var við setningu laganna 2009.

Í þessu samhengi er einnig vert að minna á að um er að ræða rúmlega 407.000 kr. verktakagreiðslu, þrátt fyrir að í upphaflegu lögnum sé tiltekið að miða skuli við lektorslaun við Háskóla Íslands.

Við höfum uppskorið ríkulega undanfarin ár af starfi listamanna. Þátttaka almennings í listviðburðum er langt umfram það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og við búum að listinni sem lifandi samtali og áhrifaríkri leið til að auka lífsgæði okkar. Þeir listamenn sem við með stolti lítum til í dag, vegna árangurs þeirra víða um heim, eru hluti af stóru samfélagi listamanna og hafa vaxið upp úr jarðvegi menntunar og samtals við bæði samtíma sinn, sögu og umhverfi. Þessi mikli og góði árangur segir að við séum að gera rétt með því að halda uppi öflugum stuðnings- og sjóðakerfi fyrir íslenska listsköpun.

Virðingarfyllt



Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags Íslenskra listamanna